

Kambur ehf
Móvað 19
110 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2024
UST202410-206/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda innan Rauðhóla

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Kambs ehf fyrir hönd Fáks, dagsett 22. október 2024, um leyfi til framkvæmda innan Rauðhóla.

Rauðhólar eru friðlýstir sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 185/1974](#). Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda vegna gerð reiðstígs milli Rauðhóla og núverandi reiðstígs sem tengir Heiðmerkurveg og Norðlingaholt. Einungis hluti stígsins við reiðstíg milli Heiðmerkurveg og Norðlingaholts og núverandi reiðstígs innan Rauðhóla yrði innan fólkvangsins. Miðbik stígsins yrði utan fólkvangsins. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu stígsins fylgdi með umsókn ásamt hönnunarteikningum af stígnum. Stígurinn yrði 3 metra breiður með 30 cm vegöxlum beggja vegna. Gert er ráð fyrir að jarðvinnuvél muni marka um 15 cm djúpt far í landið og fylla svo þar ofaná 30 cm burðarhæfu efni og á yfirborð kæmi 15 cm þykkt viðurkennt reiðvegaefni. Innan fólkvangsins yrði lagður dúkur ofan á núverandi land en ekki þyrfti að rjúfa svörðin. Þar ofan á kæmi malarefnið og reiðvegaefnið. Að verkinu kæmu 2 starfsmenn og er ráðgert að hefja framkvæmdir árið 2024 og ljúka á árinu 2025.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á ásynd svæðisins og gesti á framkvæmdartíma en ekki til lengri tíma litið. Umrætt svæði er fólkvangur og umferð gangandi, ríðandi og hjólandi um stíga sem til stendur að vinnuvélar fari um til að komast að framkvæmdarsvæðinu en stígarnir tengja íbúðarsvæði við vinsælt útivistarsvæði. Umrætt svæði er vinsælt bæði af gangandi og ríðandi gestum. Stofnunin telur því jákvætt að aðskilja eigi göngu og reiðleiðir á svæðinu. Dragist framkvæmd fram á vor er talið að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf á syðri hluta framkvæmdarsvæðisins. Mat Umhverfisstofnunar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Kamba ehf fyrir hönd Fáks fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Rauðhóla sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu og að litur á efni sem verður í efsta lagi stígsins sé í samræmi við umhverfið.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Óheimilt er að vinna innan fólkvangsins í syðsta hluta stígsins á tímabilinu 1. maí til 15. júlí meðan varp er í gangi .
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdarhafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Svæðið er innan vatnsverndarsvæðis og þarf leyfi Heilbrigðiseftirlits og Veitna fyrir framkvæmdinni.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur